

PRENTUM ALLT MILLI HIMINS

g

CÚTTÓ ehf
H-prent
Silfurgötu 1
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: halldor@bb.is

↑
OG
↓

JARÐAR

Mjölþoka í lestinni

Skákmeistarinn gamalkunni Ásgeir Överby er flestum virkari í athugasemdakerfinu á fréttavefnum bb.is. Athugasemdir hans eru yfirleitt snöfurmannalegar og skoðanir hans að jafnaði ekki alveg í samhljómi við síðasta ræðumann eða hinar viðteknu skoðanir. Ásgeir er frásögumaður góður og hefur frá mörgu að segja frá liðnum ævi-dögum enda verður hann sjötug- í næsta mánuði. Í blaðinu í dag rifjar Ásgeir upp margt frá lið- inni tíð á sinni skemmtilega hátt.



— sjá bls. 10-12



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 13. febrúar 2014 · 6. tbl. · 31. árg. · Ókeypis eintak

Gert klárt fyrir sumarið!

Valgeir Scott pípulagningamaður í Súðavík hefur að undanförunni unnið að því að gera skútuna Aurora klára fyrir ferðamannaútbilið sem hefst innan tíðar. Að mörgu er að hyggja enda þarf allt að vera klárt er fyrstu ferðamennirnir seta á svæðið.



SMÍDJAN

**VERSLUN
SINDRAGÖTU 12**

Opið mánudaga til föstudaga 8-18
Opið laugardaga 10-14
Sími: 456-1300

...fyrir BÍLINN
...fyrir BÁTINN
...fyrir HEIMILIÐ
...fyrir FAGMANNINN
...fyrir ÞIG!

Kíktu til okkar
í Hafnarstræti 9
Ísafirði

Afgreiðslutími:
Virka daga 10:00-22:00
Lau & sun 11:00-22:00

SUBWAY

EINFÖLD REIKNIVÉL
Á eBOX.IS

eBOX
auðveldar smásendingar



Í STÓRUM SKIPUM RÚMAST LÍKA
SMÆRRI SENDINGAR



Eimskip | Korngröðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.ebox.is

eBOX er ný, þægileg og einföld lausn til að flytja minni sendingar frá Evrópu til Íslands. Á ebox.is er reiknivél sem segir þér á augabragði hver flutningskostnaðurinn er. Traust og áreiðanlegt leiðakerfi Eimskips á Norður-Atlantshafi tryggir að sendingin þín kemur heim með fyrstu ferð. Auðvelt og fljótlegt.

EIMSKIP
eBOX



Hluti tankanna voru færðir yfir á Mávagarð en einhverjir eru eftir auk annarra mannvirkja.

Olútankarnir við Suðurgötu fara í vor

Olútankarnir við Suðurgötu og Mjósund á Ísafirði verða farnir í lok maí gangi áætlanir eftir. Árni Ingimundarson, forstöðumaður tækni- og þjónustusviðs Olíudreifingar ehf., segir verið sé að ganga frá verklýsingum um niðurrif á mannvirkjum og reiknar hann með að samningar

við verktaka verði undirritaðir á næstu vikum og í framhaldi af því geti verið hafist. Hann segir að gengið hafi verið frá því hvernig gengið verði frá lóðum til skila. Allir geymar verða rifnir eða fjarlægðir og allar girðingar og flest steipt mannvirki verði fjarlægð. Fara verður í mikla hreinsun á

jarðvegi en olía hefur seyðlað niður í jarðveginn í gegnum áratugina sem tankarnir hafa verið í notkun.

Áætlun um hvernig staðið verður að skoðun og hreinsun jarðvegs liggur fyrir. Hann segir að tímasetningar ráðist að nokkru af tíðarfari þar sem ekki er hægt

að vinna hluta þessara verka ef snjór liggur yfir jörð og frosthörkur verða miklar það sem af er vetri. Olíudreifing hefur fært alla starsemi sína á nýja birgðastöð á Mávagarði.

Samkvæmt aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 er svæðið skilgreint sem miðsvæði. Það

er þó einhver bið á því að hægt verði að byggja á svæðinu en umtalsverð hreinsun verður að eiga sér stað áður en hægt verður að úthluta lóðum og einnig verður að fara í gerð deiliskipulags. Þá skiptir það einnig miklu máli hvort nýta eigi svæðið undir iðnaðarhúsi eða íbúabyggð.

Fjölmennningarsetur sameinað Jafnréttisstofu

Fjölmennningarsetrið á Ísafirði verður sameinað Jafnréttisstofu í nýrri stofnun samkvæmt frumvarpi sem er í vinnslu í velferðarráðuneytinu. Réttindagæslumenn í málefnum fatlaðra munu


einnig falla undir nýja stofnun. Elsa Arnardóttir, framkvæmdastjóri Fjölmennningarseturs, segir að hugmyndir um sameininguna hafi legið í loftinu í nokkurn tíma. Aðspurð hvort starfsemi Fjöl-

menningarseturs á Ísafirði flytjist annað segir Elsa að hún hafi ekki heyrt annað en að starfsemi á Ísafirði eigi að halda áfram. Fjórir starfsmenn eru í setrinu í tæplega þremur stöðugildum.

Hagræðingarhópur ríkisstjórnarinnar lagði til enn róttækari breytingar með stofnun nýrrar stofnunar um borgaraleg réttindi með sameiningu Fjölmennningarseturs, Jafnréttisstofu, réttindagæslu fatlaðs fólks, Persónuverndar og umboðsmanns barna. Fjölmenningasætrið var opnað 2001 af Páli Péturssyni félagsmálaráðherra. Frumkvæði að stofnuninni kom upphaflega frá Vestfirðingum sjálfum, áhugaþópi um menningarlega fjölbreytni á Vestfirðum sem síðar hlaut nafnið Rætur. Þingmenn Vestfirðinga fylgdu hugmyndinni eftir og árið 2000 var samþykkt á Alþingi eftirfarandi

þingsályktun:

„Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að undirbúa stofnun miðstöðvar nýbúa á Vestfirðum í samvinnu við sveitarstjórnir, Rauða kross Íslands og Svæðisvinnumiðlun Vestfjarða. Hlutverk miðstöðvarinnar verði að greiða fyrir samskiptum Íslendinga og erlendra ríkisborgara, vinna með sveitarstjórnnum að eflingu þjónustu fyrir erlenda ríkisborgara, fyrirbyggja vandamál í samskiptum fólks af margvíslegum menningarsvæðum og auðvelda aðlögun erlends fólks að íslensku þjóðfélagi.“ - 125. löggjafarþing 1999/2000. Þskj. 220.
- smari@bb.is



SUSHI

Úrvals ferskt heimalagað Sushi.


Í boði frá hádegi á föstudag og alla helgina.

Taktu með eða borðaðu á staðnum.

Verð kr. 2.200-.

VIÐ POLLINN

Veitingar á Hótel Ísafirði



Pantanir og frekari upplýsingar í síma 456-4111

Ákærð fyrir líkamsárás

Kona á þrítugsaldri hefur verið ákærð, annars vegar fyrir líkamsárás og hins vegar fyrir þjófnad. Málin tvö voru sameinuð í eitt og eru til aðalmeðferðar hjá Héraðsdómi Vestfjarða í þessari viku. Í líkamsárásarmálinu er hún ákærð fyrir að hafa veist að annarri konu fyrir utan veitingastaðinn Húsið á Ísafirði, slegið hana í andlit og ýtt henni svo hún féll aftur fyrir sig niður tröppur hússins.

Segir í ákæru að brotaþoli hafi lent með hnakka og bak í tréfalli sem liggur á gangstétt fyrir neðan, með þeim afleiðingum að hún missti meðvitund í nokkrar mín-

útur og fékk meðal annars glóðarauga á vinstra auga, mar á aftanverðum hægri upphandlegg og í hægri handakrika, eymsli í mjóbbaki og í neðstu lendhryggjarliðum og í vöðvestum í hnakka.

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar og greiðslu alls sakakostnaðar en auk þess gerir brotaþoli kröfu um tæplega hálf milljón í miskabætur. Þá er konan einnig ákærð fyrir að hafa stolið hring úr versluninni SIX í verslunarmiðstöðinni Kringlunni í Reykjavík og farið síðan inn í verslunina Sparks á sama stað og stolið þar buxum. Söluandvirði varanna er 6.290 krónur.



NYTT

Mjúkís

Ís ársins 2014



Komdu þér í mjúkinn

Biðin er á enda. Mjúkís ársins 2014 er loksins kominn í verslanir. Dúnmjúkur undir tönn, bragðmikill og blandaður með kökum og kremi að amerískum sið. Verði ykkur að góðu.



Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620
Afgreiðsla og ritstjórn: Silfurgötu 1, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson, 892 5362, bb@bb.is
Ábyrgðarmenn: Halldór Sveinbjörnsson, Sigurjón J. Sigurðsson.
Blaðamenn: Harpa Oddbjörnsdóttir, 846 7487, harpa@bb.is
 Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Auglýsingar: Halldór Sveinbjörnsson, 894 6125, halldor@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandspóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
 www.bb.is / facebook.com/pages/bb.is
Stafræn útgáfa: Á ferð um Vestfirði
Önnur útgáfa: ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthöfundum bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánuðögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Hvað bíður íbúanna í Sotsjí?

Allt frá því að Ólympíuleikarnir voru endurvaktir í Apenu 1896 hefur æðsti draumur sérhvers íþróttamanns verið að taka þátt í þessum alþjóðleikum, þar sem þrautsegjan, drengskapurinn og göfugmennskan á að vera leiðarljós keppenda að því marki að ná sem lengst, hæst og hraðast. Frásagnir af þátttöku Íslendinga í fyrstu leikunum, sem sjálfstæð þjóð undir íslenskum fána, í Berlín 1936, vitna um hve stór stund það var smáþjóð að komast á þann bekk.

Vetrarólympíuleikunum í Sotsjí í Rússlandi er augljóslega ætlað það mikilvæga hlutverki að vera glæsilegasta umgjörðin fram til þessa í augum alheimsins og jafnframt að skapa keppendum þær bestu aðstæður sem þeir hafa nokkru sinni átt kost á. Út af fyrir sig gott markmið, einkum hið síðar nefnda. En vandi fylgir vegsemd. Opnunarháttir leikanna, ein og sér, bar því órátt vitni út á hvaða villigötur ólympíuþjóðirnar eru komar í glórolausri samkeppni, sem í engu snýst um gildi íþróttanna sjálfra. Halda menn virkilega að virðing Ólympíuleidsins, sem á að vera tákni friðar og vináttu og þeirrar einingar að sameina þjóðirnar í friðsömum leikum, sé aukin með því að dandalast með hann hálfu leið til tunglsins og á Norðurljólinn? Og hversu skemmtilegar, eða fræðandi, sem opunar- og lokahátíðir slíkra leika kunna að þykja, þá á þjóðrembingurinn sem í flestum tilfellum er stef þeirra, lítið skylt við íþróttir.

Ólympíuverðlaunin eru sigurtákn leikanna. Segja má að önnur hlið þeirra sé böðuð birtu, glæsilegum íþróttamannvirkjum, glæstum afrekum íþróttafólks og umfram allt ánægjunnar yfir að vera með. Þessi hlið er fínþúsud og skínandi; sú sem geymir minningarnar fyrir þá sem hlotið hafa sigurlaunin og vonina fyrir þá sem eiga sér drauminn. Þessu ber að viðhalda.

Vetrarólympíuleikarnir í Rússlandi eru sagðir vera dýrustu íþróttaleikar sem efnit hefur verið til. Og ekki nóg með það. Aðdragandi og umgjörð, frá upphafi til enda, eru sögð vera eitt sukk og svínarík og stórbætt heimsmet í mútubægni, þótt fyrri met í þeim efnun hafi ekki verið í lægri kantinum. Þetta er dökka hliðin á Ólympíuleikunum, forarpyttur sem ekki verður horft fram hjá. Svívirðing, sem íþróttahreyfingin líður fyrir. Málamynda afsökunar heimsóknir eða heimaseta þjóðarleiðtoga breyta engu þar um. Hvert stefnir ef þriðjungur alls kostnaðar við leikana í Sotsjí hefur farið í mútur, út um allar trissur? Hver er ábyrgð þeirra, sem útdeila réttinum til leikjahaldsins? Ætli þeir hafi fengið eitthvað fyrir sinn snúd þegar ákvörðunin um Sotsjí var tekin? Þetta svartnætti verður að uppræta eigi Ólympíuhugsjónin að halda velli.

Framtíðin mun leiða í ljós hvaða örlög bíða íbúanna í Sotsjí.

s.h.

Spurning vikunnar

Lætur þú fé af hendi rakna til góðgerðarmála?

Alls svöruðu 438.

Já sögðu 373 eða 85%

Nei sögðu 65 eða 15%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Pálmar Ingi ráðinn til Kerecis

Pálmar Ingi Guðnason hefur verið ráðinn til ísfirski líftækni-fyrirtækisins Kerecis ehf., sem yfirmaður rannsókn- og þróunarmála og tekur einnig sæti í framkvæmdastjórn og leiðir starf rannsóknar- og þróunardeildar félagsins. Hann er með meistara-gráðu í efnafræði og hefur starfað undanfarin 11 ár hjá Össuri hf., þar sem hann hefur sinnt fjölbreyttum störfum. Leiddi hann meðal annars þróunarvinnu sára-deildar Össurar, var tæknistjóri sílikonvara og hefur undanfarin ár unnið að samhæfingu gæðastjórnar allra starfsstöðva Össurar.

Kerecis þróar, framleiðir og markaðssetur vörur til meðhöndlunar á sköðuðum líkamsvef og húð. Notast er við MariGen



Pálmar Ingi Guðnason.

Omega3 fiskroð sem hefur verið hreinsað af öllum fiskfrumum og mótefnavökum. Þannig getur það þjónað sem stoðgrind fyrir nýjar frumur sjúklingsins. Fyrir á markaði eru vörur sem byggja á stoðvefjum manna og svína, en fiskroð eru hagkvæmari, geta síð-

ur borið sjúkdóma í notendur, og er laust við trúarleg boð og bönn. Kerecis hefur unnið að þróun sárabindanna í nokkur ár, en nú þegar hefur félagið fengið markaðsleyfi í Evrópu og fengið samþykki bandaríska matvæla- og lyfjaeftirlitisins.

Útgerð Júlíusar ein af burðarstöðum HG

Hraðfrystihúsið - Gunnvör hf. hefur engin áform um að hætta útgerð frystitogarans Júlíus Geirmundssonar ÍS 270 en eins og kunnugt er berast fréttir víðs vegar að af landinu af fyrirtækjum sem eru að hætta útgerð frystitogara vegna breyttra rekstrarskilyrða. Nú síðast var allri áhöfn frystiskipsins Brimnes RE sagt upp. Guðmundur Kristjánsson, framkvæmdastjóri Brims hf., segir í samtali við Morgunblaðið, að með gríðarlegri hækkun veiðigjalda á síðustu árum hafi rekstrargrundvöllur frystitogara brostið.

„Útgerð Júlíusar er ein af burðarstöðunum í okkar rekstri og við munum gera hann út áfram, það er alveg á tæru. Við þurfum frystiskip til að ná í grálúðu og fleiri tegundir en ísfisktogararnir munu veita megnið af þorskinum,“ segir Einar Valur Kristjánsson, framkvæmdastjóri HG.

Hann tekur undir með Guðmundi að veiðigjöldin séu íþyngjandi og leggist sérstaklega hart á frystiskipin. „Það var búið að vara við þessu í fjögur ár en það var ekki hlustað. Kerfið eins og það er núna mun leiða til samþjöppunar og það er eitthvað sem við hér á Vestfjörðum viljum ekki sjá. Ég treysti á að sitjandi stjórnvöld átti sig á að veiðigjaldakerfið er meingallað.“

Einar Valur segir að veiðigjald frystitogara taki ekki tillit til mikilla fjárfestinga og hás launa-kostnaðar í útgerð þeirra og þá þarf að endurskoða þorsgildis-



Aflaverðmæti Júlíusar var 1.667 milljónir á síðasta ári.

stuðlana sem er einn af stofnum veiðigjaldanna. „Skatturinn leggst svo misþungt á útgerðir og ekki bara á frystitogaraútgerðir heldur einnig á litlar einyrkjautgerðir sem margar hverjar munu gefast upp.“ Í úttekt Morgunblaðsins á þróun í frystitogaraútgerð segir: „Útgerð frystitogara, þar sem bolfskúpur er unninn um borð, ruddi sér til rúms upp úr 1980. Óx henni mjög ásmegin næstu ár þar á eftir. Flestir urðu þessir togarar árið 1993, alls 35 talsins, en í upphafi þessa árs voru þeir níttján.“

Í byrjun síðasta árs ákvað HB Grandi að leggja frystitogaranum Venus HF og breyta Helgu Maríu AK í ísfisktogara. Þegar breytingarnar voru kynntar kom fram að sjómönnum félagsins myndi væntanlega fækka um 34, en störfum í landvinnslu fjölga um 50. Venus var nýlega seldur til Grænlands fyrir 320 milljónir, en hann var elsti togari félagsins, smíðaður á Spáni 1973. Þorbjörn hf. í Grindavík vinnur nú að end-

urskipulagningu útgerðar frystitogara sinna. Einn þeirra, Hrafn Sveinbjarnarson, verður lengdur og honum breytt. Hrafn GK verður seldur eða honum lagt í lok þessa fiskveiðiárs. Endurskipulagningin leiðir til uppsagna áhafna og endurráðninga, vegna breyttrar útgerðar.

Ögurvík hefur lagt frystitogaranum Frera RE og hefur hann verið á söluskrá síðustu mánuði. Fyrirtækið Stálskip í Hafnarfirði sagði fyrir áramót upp áhöfn frystitogarans Þórs HF, alls 40 manns. Skipið hefur verið selt úr landi og kvóti innan lögsögu seldur Síldarvinnslunni í í Neskaupstað og Gjögri hf. á Grenivík. Útgerðarfélag Akureyringa ehf. keypti úthafsveiðheimildir félagsins. Frystitogarinn Örvar SK verður seldur úr landi, en togarinn er einn af þremur sem gerðir eru út af FISK Seafood ehf. á Sauðárkróki. Sautján manns eru í áhöfn og að teknu tilliti til vaktaskiptakerfis verður 30 manns sagt upp.

STOFN ENDUR- GREIÐSLA

Nú er gaman að vera hjá Sjóvá, því þessa dagana fá 21.288 tjónlausar og skilvísar fjölskyldur í vildarþjónustunni Stofni endurgreiddan hluta af íðgjöldum síðasta árs. Við erum stolt af því að vera eina tryggingafélagið sem umbunar viðskiptavinum sínum á þennan hátt.

Þú innleysir endurgreiðsluna á **Mínum síðum** á sjova.is

AF ÞVÍ AÐ LÍFIÐ ER SKEMMTILEGT



ÞESS VEGNA ERTU HJÁ SJÓVÁ

SJÓVÁ

STOFN



Verðlaunin þýða hraðari uppbyggingu

Fyrirtækið Icelandic Fish Export (IFE) í Bolungarvík hreppi annað sæti í Nýsköpunarkeppni Vestfjarða, en úrslit í keppninni voru kunnngjörð fyrir stuttu. Fyrirtækið hyggst koma á fót rekjanleikakerfi í sölukerfum fisks þannig að neytandinn úti í heimi geti séð hvar, hvenær og af hvaða bát fiskurinn var veiddur. Hjónin Katrín Pálsdóttir og Þorsteinn Másson eiga fyrirtækið og var það stofnað í fyrra. Þorsteinn segir að verðlaunin hafi mikla þýðingu fyrir fyrirtækið. „Þau þýða að við getum unnið hraðar að uppbyggingunni, við getum gert það sem við nú þegar höfðum áætlað, en bara hraðar en við ætluðum,“ segir Þorsteinn. Fyrir annað sætið fékk IFE fjórar milljónir króna.

Þorsteinn segir að viðurkenningin sem felst í að fá verðlaunin skipti ekki minna máli en fjárhæðin. Um næstu skref þeirra hjóna segir Þorsteinn að unnið verði áfram að þróun rekjanleikakerfis og heimasíðu fyrirtækisins. „Það sem við ætlum að reyna að ná fram á heimasíðunni er upplifunarfáttur kunnans, að hann upplifi sig sem part af þessari keðju þar sem fyrsti hlekkurinn er þegar línan er lögð á Vestfjarðamiðum og sá síðasti þegar hann sporðrennir steiktum þorski á fallgu millistéttarheimili í Lundúnum.“ IFE er í viðræðum við útgerðir og fiskvinnslur á norðanverðum Vestfjörðum um samstarf og segir Þorsteinn þétt og gott samstarf



Katrín Pálsdóttir, eiginkona og meðeigandi Þorsteins að IFE, tekur við verðlaunum úr hendi Shirans Þórissonar, framkvæmdastjóra Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða.

við öflug fyrirtæki á svæðinu vera ákaflega mikilvægt fyrir framtíðarhorfur fyrirtækisins.

IFE hefur sent prufusendingar bæði til Bretlands og Frakklands og segir Þorsteinn að viðtökurnar hafi verið jákvæðar þrátt fyrir ákveðna misbresti. „Það eru agnár sem þarf að sníða af, bæði

tungumálalegs eðlis og tæknilegs eðlis og við bjuggumst aldrei við að þetta myndi ganga smurt og þess vegna sendum við þessar prufusendingar. Svo þurfum við einnig að útskýra betur fyrir fisk-sölum hvernig kerfið virkar.“

Til að útskýra í stuttu máli hvernig fiskisala IFE virkar þá er

það á þessa leið: Fiskur er auðkenndur frá því að hann berst frá báti í fiskvinnsluhús. Auðkennið fylgir honum allan vinnslu- og söluferil þangað til hann er kominn á borð kunnans. Með því að slá inn auðkenni á heimasíðu IFE getur kunninn séð hvar, hvenær og af hverjum fiskurinn var veiddur.



ÍSAFJARÐARBÆR

RAFRÆNIR ÁLAGNINGARSEÐLAR

Álagningarseðill fasteignagjalda Ísafjarðarbæjar verður ekki sendur út á pappírformi í ár. Greiðendur geta flett álagningarseðlinum upp á vefsíðunni island.is. Nánari leiðbeiningar um innskráningu má fá á heimasíðu Ísafjarðarbæjar. Greiðsluseðill hefur þó verið sendur til fasteignaeigenda 68 ára og eldri. Þá er hægt að óska eftir því að fá álagningar- og greiðsluseðla senda á pappírformi eða í tölvupósti með því að senda tölvupóst á innheimta@isafjordur.is eða hringja í síma 450 8000. Ef fasteignagjöldin eru greidd upp fyrir 20. febrúar fæst 5% afsl.

Skrifstofuhúsnæði

Til leigu er skrifstofuhúsnæði að Aðalstræti 24, 3. hæð. Nýleg lyfta er í húsinu.

Upplýsingar gefur María eftir hádegi í Gamla bakaríinu eða í síma 456 3486.

Heimili í borginni

Fallegar 3ja herb. íbúðir í Reykjavík til leigu í tvo daga og meira. Tilvalið fyrir ferðalanga, íslenska sem erlenda. Allt til alls. Verið velkominn.

Nánari upplýsingar á eyjasol@internet.is og í síma 698 9874 eða 898 6033.

STARFSKRAFTAR ÓSKAST Í HAFNARBÚÐINA ÍSAFIRÐI

Hafnarbúðin leitar að metnaðarfullum og skemmtilegum framtíðarstarfsmanni í afgreiðslu og fleira. Viðkomandi þarf að geta hafið störf 1. apríl n.k.

Einnig leitum við að sumarstarfsmanni sem getur hafið störf í maí.

Æskilegt er að viðkomandi séu a.m.k. 20 ára, reyklus, stundvís og reglusamur/söm.

Vinnutíminn er frá kl. 9 alla virka daga og annan hvorn laugardag frá kl. 11 – 14.

Umsókn, ferilskrá og meðmælum skal skila í búðina til Huldu eða á huldasalome@simnet.is.

Við skoðum allar umsóknir.

HAFNARBÚÐIN
s. 450 - 5300





279
kr. 1 ltr.

EUROSHOPPER Matarolja
SÖLBLÓMA OG REPJUOLÍA



1798
kr. 90 uppþvottar

Finish uppþvottavélatöflur
ALL IN ONE; 90 STK.



1998
kr. 80 þvottar



OMO ÞVOTTAEFNI 80 ÞVOTTAR



379
kr. 340gr

Sollu Hnetusmjör
GRÖFT OG FINT



659
kr. 200gr

Sollu chiafræ 200G



398
krónur 1 kg.

Sollu Spelt
Gróft & fint



398
kr. 485g

BONUS Pylsur 10 stk.



100% KJÖT

1359
kr. 700g.

FROSIN SKINNLAUS úrbeinuð Kjúklingalæri 700g



289
krónur 1 kg.

FROSIN Brokkolíblanda



1548
kr. 900g.

FROSINAR Kjúklingabringur



1598
kr. kg.

BONUS Bacon



398
kr. 260g

KNORR Lasagne 260g



598
krónur kg.

ALI Ferskur grísabógur



KAUPTU
2 LTR. COKE
OG FÁÐU
COKE ZERO
2 LTR.
FRÍTT MEÐ



889
kr. 1 kg.

NORDANFISKUR Þorskbítar
RÓÐ & BEINLAUST 1 KG.



798
kr. kg

BONUS FERSKT Grísahakk



998
krónur kg.

BONUS Grísahnakka-fillet



98
kr. pk.

Smoothie sunset mix

AFGREIÐSLUTÍMI
FIMMTUDAGUR
11:00-18:30

BONUS EKKERT BRUÐL



AFGREIÐSLUTÍMI
FIMMTUDAGUR
11:00-18:30



Verðlaunaféð sem Víur fengu voru fimm milljónir króna. Hér Sigríður ásamt Jóni Páli Hreinssyni.

Fjölhæf fluga sem fóðurdyr

Mikið rannsókn- og þróunarstarf er framundan áður en framleiðsla á skordýrapróteini hefst að sögn Sigríðar Gísladóttur, dýralæknis og forsvarsmanns Vía – ræktunarfélags fóðurskordýra, sem hlaut fyrstu verðlaun í Nýsköpunarkeppni Vestfjarða í síðustu viku. „Næstu skref eru að kanna aðstæður fyrir vestan, finna húsnæði og samstarfsaðila og kortleggja úrgangsmálin. Þá þarf að fara í þróunarvinnu á tækjum og búnaði og upplýsingaöflun. Svo verður vonandi hægt að hefja tilraunaræktun sem fyrst en það byggist á því að ýmis praktísk atriði séu komin á hreint,“ segir Sigríður. Fyrirtækið ætlar að taka þátt í ráðstefnu í

vor í Hollandi á vegum Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna um nýtingu skordýra til fóðurs og fæðu og segir Sigríður ráðstefnuna eiga eftir að verða gagnlega í tengslamyndun og fróðleiksöflun.

Hún segir að ástæðan fyrir því að þessi ræktun getur átt sér framtíð fyrir vestan sé fyrst og fremst hið mikla magn af lífrænum úrgangi sem fer til spillis í sjávarútvegi, en aðrir svæðisbundnir þættir eru t.d. samstarfsvettvangur sjávarútvegsins og fiskeldis á svæðinu. „Það er framtíðarsýn okkar að lifrúpróteinið verði sjálfbær afurð sem íslensk fiskeldifyrirtæki geti státað sig af að nota og að það geti komið að stórum

hluta í stað fiskimjöls.“

Svarta hermannaflugan (*Hermetia illucens*) er algeng víða um heim. Hún hefur á síðustu árum verið rannsökuð töluvert í tengslum við lifrúframleiðslu. Flugan er ein sú tegund skordýra sem FAO-stofnunin hefur nefnt sérstaklega sem vænlega til fóðurframleiðslu. Af því að flugan er upprunnin úr hitabeltislöndum þrífst hún ekki við íslenskar aðstæður, hún deyr við frostmark og kann illa við sig undir 20°C.

Á flugustigi hefur hún engan munn, en hugsar einungis um að fjölga sér. Það gerir hún með því að verpa t.d. í rotnandi matarleifar, skít eða nánast hvaða lífræna úrgang sem er. Þar klekst



Svarta hermannaflugan.

lifur og byrjar að éta. Lifurnar eru mjög lítið matvandar og stækka með ógnarhraða. Þegar þær hafa náð fullum þroska tæma þær þarmana og ganga upp úr ætinu í leit að þurrari stað. Þar er

þeim safnað og svo er hægt að vinna úr þeim mjöl sem er svo unnt að nota til fiskeldis, eða jafnvel í kjúklinga- eða svínafóður. Í raun má segja að allir geti étið lifurnar, meira að segja fólk.

Prófkjör og verkefni bæjarstjórnar

Sjálfstæðisflokkurinn á Ísafirði hélt prófkjör síðasta laugardag. Þátttaka var um 42 prósent þeirra sem stóði á kjörskrá. Alls kusu 317, en í fyrsta sæti varð Daníel Jakobsson bæjarstjóri, sem reyndar hyggst snúa sér að öðru aðalstarfi, en verður pólitískur leiðtogi sjálfstæðismanna og væntanlega áhrifamaður í næstu bæjarstjórn, þótt í sveitarstjórnarkosningum sé ekkert gefið. Jónas Þór Birgisson verður annar og Kristín Hálfhálsdóttir í þriðja sæti. Þá koma nýliðarnir Marta Pálmadóttir og Sif Huld Albertsdóttir. Mikil umskipti eru orðin í Sjálfstæðisflokknum þegar leiðtogar þeirra tveir á líðandi kjörtímabili, Eiríkur Finnur Greipsson og Gísli Halldór Halldórsson eru horfnir af vettvangi. Að auki hverfur Jóna Benediksdóttir, vinstri græn úr bæjarstjórn ásamt Sigurði Péturssyni. Hvað verður um fulltrúa Framsóknarflokksins veit enn enginn, kannski heldur hún áfram á sama stað eða öðrum.

Ljóst er að miklar breytingar verða í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar sem er stærsta sveitarfélagið á Vestfjörðum og hýsir meira en helming hinna 6.980 íbúa þeirra. En mikil verkefni bíða næstu bæjarstjórnar, sem verður að standa í ístaðinu og beita sér fyrir því að íbúum fækki ekki meira en orðið er. Þeim

fækkaði um 110 milli á ranna 2013 og 2014 í Ísafjarðarbæ einum. Ísafjörður er stærsti kjarninn og þar eru mestir vaxtarmöguleikar. Samt má alls ekki gleyma kostum hinna smærri kjarna, eins og Suðureyrar, Flateyrar og Þingeyrar, sem hafa því miður átt mjög undir högg að sækja síðustu árin þrátt fyrir verulega bættar samgöngur. Á Ísafirði eru helstu stofnanir, bæði sveitar og ríkis og þar ættu að vera vaxtarmöguleikar. Greina þarf þá vel og rækilega og vinna úr þeim kostum sem fyrir hendi eru. Menntaskólinn á Ísafirði, sem kominn er vel á fimmta áratuginn í aldri, er kjölfesta sem hlúa þarf vel að. Hann þarf að efla og tengsl við Háskólaasetur sömuleiðis.

Ekki má gleyma Fjórðungssjúkrahúsinu. Um það þarf að standa vörð, enda langt að sækja til annarra sjúkrahúsa við þær aðstæður sem oft koma upp á vetrum þegar lítið er til veðurs og færðar. Um það og á því hafa staðið deilur um menn og málefni, einkum hið fyrrnefnda. Þó bæjarstjórn beri að huga að þessum þáttum er hennar hlutverk fyrst og fremst að skapa íbúum og fyrirtækjum góðan grunn til lífs og starfa. Þar ber hæst grunnskóla og þá leikskóla, auk stuðnings við ýmiss konar tómstundastarf og atvinnulíf. Það er stórt verkefnið sem bíður.

Stakkur skrifar

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.



Öflug fjáröflun fyrir hópinn

Samsettir fjáröflunarpakkar eða sérsniðnir eftir óskum hópsins



Hafið samband við sölumenn Rekstrarlands eða næsta útibú Olís Ísafirði, Bolungarvík, Flateyri/Suðureyri, Tálknafirði, Patreksfirði og Hólmarvík og leitið tilboða. Rekstrarland er byggt á fyrrum rekstrarvörudeild Olís



REKSTRARLAND

Rekstrarland | Skeifunni 11 | 108 Reykjavík | Sími 515 1100

www.rekstrarland.is

Deiliskipulagið tók fjögur ár

Drög að deiliskipulagstillögu fyrir miðbæ og hafnarvæðið á Þingeyri voru lögð fram á fundi umhverfisnefndar Ísafjarðarbæjar 22. janúar og leggur nefndin til við bæjarstjórn að deiliskipulagið verði auglýst. Segja má að deiliskipulagið hafi farið í gegnum fjögurra ára undirbúningsferli en unnið hefur verið með hléum að mótun þess frá lokum árs 2009 eins og fram kemur í drögumunum. Þar segir að meginástæðan fyrir því að frágangi þess er ekki lokið er að ekki hefur verið þrýstingur

vegna fyrirhugaðra framkvæmda en vonir séu um að því stöðnunartímabili fari senn að ljúka.

Skipulagssvæðið nær til allrar byggðar á miðsvæði Þingeyrar upp af höfninni, ásamt atvinnu- og iðnaðarsvæðis með Hafnarstræti og Sjávargötu að Oddanum. Fyrstu drög að skipulaginu voru lögð fyrir umhverfisnefnd 11. maí og faldi nefndin þá tæknideild að boða til íbúafundar í samráði við íbúasamtökin Átak sem er formlegt hverfisráð á Þingeyri. Þann 7. júní var íbúa-

fundurinn haldinn og voru drögin svo tekin fyrir að nýju hjá umhverfisnefnd 15. júní og samþykkt að vinna áfram með fyrstu drögin enda séu þau í samræmi við óskir meirihluta íbúa svæðisins.

Í byrjun janúar 2012 var gengið frá greinagerð og loka uppdrætti. Vegna þess að fyrir lá eldra deiliskipulag fyrir hafnarvæðið á Þingeyri frá 2001 var ákveðið að fella miðbæjarskipulagið að því eldra og gera eitt endurskoðað deiliskipulag. Ný drög voru kynnt

á fundi umhverfisnefndar 13. júní 2012, óskað var eftir umsögn Skipulagsstofnunnar og ábendingar hennar teknar til greina.

Bæjarráð samþykkti svo deiliskipulagstillöguna á fundi þann 16. júlí 2012, fyrir hönd bæjarstjórnar. Tillagan var auglýst og bárust fimm athugasemdir vegna hennar fyrir 20. september það ár. Tillagan var þá yfirfarin og gerðar á henni breytingar. Að ósk umhverfisnefndar og bæjarstjórnar átti að auglýsa breytingarnar þegar þessar endurbætur

lágu fyrir en það hefur hins vegar dregist.

Sumarið 2013 var lokið við húsakönnun á Þingeyri sem var mikilvægt innlegg við lokagerð skipulagsins. Ennfremur bárust nýjar tillögur varðandi Vallargötu 1- Gramsverslun – og hafa þær nú verið felldar inn í þessa lokaendurskoðun á deiliskipulaginu. Það er nú lagt fram sem nýtt gagn sem að lokinn málsmeðferð í stjórnkerfi Ísafjarðarbæjar fer í auglýsinga og athugasemdaferli í samræmi við skipulagslög.



Með betri Stútungum síðustu ára

Ríflega 170 manns sóttu Stútung, árlega vetrargleði Öfnfirringa, í íþróttahúsinu á Flateyri á laugardagskvöld og má heyrja á mörgum að þar hafi verið á ferðinni einn best heppnaðasti Stútungur í lengri tíma.

Skemmtiatriðin rifu upp stemmninguna en farið var yfir víðan völl að sögn Ívars Kristjánssonar sem sæti átti í skemmti-

nefnd.

„Við tókum íbúafund Arctic Odda og Dýrfisks í nóvember fyrir, Flugfélag Íslands, Landsbankann og fleira og fleira,“ segir Ívar. Þá var þorramat frá Edinborg Bistró-Bar gerð góð skil og var hann rómaður. F1 Rauður spilaði svo undir dansi fram á rauða nautt og dönsuðu gestir margir hverjir

með bindi á hausnum eins og virðist vera orðin hefð á Flateyri.

Vetrargleði Flateyringa hefur frá árinu 1935 heitið Stútungur en heitið er sótt í nafnasjóð fiskanna, en svo er þorskurinn kallaður þegar hann er fullvaxinn. Meðfylgjandi myndir frá vetrargleðinni tók Páll Öndarson. – harpa@bb.is



10
TÚLÍPANAR
1.299 kr.

ILMVAÐNS-
PRUFA
FYLGIR!
DOLCE & GABBANA
meðan birgðir
endast



Dagur elskenda
Valentínusardagurinn
byrjar í Blómavali



Rósabúnt
1.490 kr.

Ástareldur
999 kr.
~~1.390~~

Súkkulaðihjarta
með íslensku áletrun
299 kr.



Orkidea
1.990 kr.
ný sending



blómavali

Sævar lætur af formennsku hjá KFÍ

Sævar Óskarsson, formaður KFÍ hefur látið af störfum sem formaður félagsins. Sævar hefur setið í stjórn félagsins frá árinu 2005 og starfað sem formaður frá árinu 2010. „Enginn ræður sínum næturstað og er staðan hjá fjölskyldu minni nú þannig að mér er nauðsynlegt að einbeita mér að verkefni henni tengdri. Ljóst er að ég verð erlendis þegar

síðustu leikir meistaraflokks fara fram á þessum vetri og ekki til taks við uppgjör og lok tímabilsins. Ég hef því ákveðið að víkja sem stjórnarmaður og formaður félagsins þannig að hagsmunir þess skaðist ekki með fjarveru stjórnarmanns,“ segir í yfirlýsingu frá Sævari.

Þar segir enn fremur: Félagið er ríkt af metnaðarfullu hæfileika-



Sævar Óskarsson.

Albertína hættir

Albertína Elíasdóttir, oddviti Framsóknarflokksins í Ísafjarðarbæ, ætlar ekki að taka sæti á lista flokksins í bæjarstjórnarkosningunum í vor. Hún hefur tilkynnt formanni uppstillingarnefndar um ákvörðun sína. „Ég hef velt þessu fyrir mér lengi og þetta er niðurstaðan,“ segir Albertína. Það hefur ekki verið leyndarmál að Albertína hefur ekki gengið í takti með núverandi forystu flokksins. Hún segir að það eigi þátt í ákvörðun sinni.

„Að einhverju leyti er þetta óánægja með flokkinn á landsvísu en ekki með félagið hér heima og fólkið sem ég hef starfað með. Þetta var erfið ákvörðun því mér þykir vænt um féлага

mína í Framsóknarfélagi Ísafjarðarbæjar. Þetta var ekki skyndiákvörðun og ekki ákvörðun sem er tekin í fýlu.“

Albertína hefur verið orðuð við önnur framboð í vor og þá mögulega að setjast á lista Bjartrar framtíðar en ekki hefur verið staðfest hvort flokkurinn ætli að bjóða fram í Ísafjarðarbæ. Einnig hefur heyrst að nýtt stjórnaráfl gæti boðið fram. „Ég get ekki neitað því að það hefur verið haft samband við mig úr ólíkum áttum en það er ekki neitt í kortunum. Ég hef mikinn metnað til að starfa fyrir sveitarfélagið mitt og það hefur ekki breyst.“ Albertína hefur setið í bæjarstjórn síðan 2010 og er forseti bæjarstjórnar.

Daníel í fyrsta sæti

Daníel Jakobsson varð efstur í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Ísafjarðarbæ. Hann hlaut 196 atkvæði í 1. sæti. Í öðru sæti varð Jónas Þór Birgisson. Mikil endurnýjun verður í bæjarfulltrúahópi Sjálfstæðisflokksins í vor. Flokkurinn fékk fjóra menn kjörna í síðustu kosningum og fáir hann álíka kosningu í vor verður Kristín Hálfðánsdóttir eini sitjandi bæjarfulltrúi flokksins sem nær kjöri. Steinþór Bragason situr í bæjarstjórn fyrir Sjálfstæðisflokk en hann hafnaði í neðsta sæti í prófkjörinu. Daníel var ráðinn ópólitískur bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar fyrir fjórum árum

en lýsti því yfir þegar hann tilkynnti um framboð sitt í vetur að hann sækist ekki eftir stöðu bæjarstjóra að loknum kosningum í vor.

Niðurstöður prófkjörsins eru þessar: 1. Daníel Jakobsson með 196 atkvæði í 1. sæti. 2. Jónas Þór Birgisson með 183 atkvæði í 1-2. sæti. 3. Kristín Hálfðánsdóttir með 148 atkvæði í 1-3. sæti. 4. Marta Pálmadóttir með 189 atkvæði í 1-4. sæti. 5. Sif Huld Albertsdóttir með 232 atkvæði í 1-5. sæti. 6. Steinþór Bragason með 225 atkvæði í 1-6. sæti.

– smari@bb.is

fólki sem er tilbúið að vinna að hagsmunum KFÍ og maður kemur í manns stað - það gerir svona ákvörðun léttbærari. Ég vil þakka ykkur öllum; leikmönnum, iðkendum, þjálfurum, foreldrum, stuðningsmönnum og stjórnarfólki fyrir farsælt samstarf á formannsferli mínum. Ég verð

áfram í bakvarðasveit félagsins og mun styðja það með ráðum og dáð, hér eftir sem hingað til.“

Á stjórnarfundinum var Óðinn Gestsson kosinn til að leiða starf stjórnar og félagsins til næsta aðalfundar. Magnús Þór Heimisson kemur nú inn sem aðalmaður í stjórn. „Stjórn KFÍ færir Sævari

bestu þakkir fyrir mikið og óeigingjart starf í þágu félagsins til margra ára. Einnig fylgja velfarnaðaróskir til þeirra hjóna en Margrét, eiginkona Sævars, heldur brátt til Bandaríkjanna til lækninga,“ segir á vef KFÍ þar sem frá þessu er greint.

– harpa@bb.is

Átak til atvinnusköpunar

Á markað með snjöll nýsköpunarverkefni?

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið auglýsir eftir umsóknum um styrki úr verkefni **Átaki til atvinnusköpunar.**

Átakið veitir styrki til **nýsköpunarverkefna og markaðsaðgerða** starfandi frumkvöðla og nýsköpunarfyrirtækja.

Markmið verkefnis:

- Að styðja við þróun nýsköpunarhugmynda á fyrri stigum sem hlotið gætu frekari fjármögnun sjóða og fjárfesta
- Að styðja við undirbúning og framkvæmd markaðsaðgerða erlendis í frumkvöðla- og sprotafyrirtækjum

Styrkir geta að hámarki numið 50% af heildarkostnaði verkefnisins. Ekki eru veittir styrkir til fjárfestinga s.s. í tækjum og tækjabúnaði.

Nánari upplýsingar og rafræn umsóknareyðublöð eru á www.nmi.is Beiðni um upplýsingar og aðstoð má senda á netfangið: hildur@nmi.is

Umsóknarfrestur til kl. 12:00 þann 28. febrúar



Nýsköpunarmiðstöð
Íslands



ATVINNUEGA- OG
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ



Hjartans þakkið fyrir auðsýnda samúð við andlát og útför okkar kærur frænku og vinar

Björneyjar Jónu Björnsdóttur
hjúkrunarkonu, Hlíf II, Ísafirði

Jónína S. Lárusdóttir Gísli H. Sigurðsson
Birna Lárusdóttir Valur Hugason
Oddný F. Lárusdóttir Finnbjörn Þ. Kristjánsson
Steinunn Sölvadóttir Stefán K. Simonarson

Matsedill

Sími 456-3166



HAMRABORG

Pizzur / Pizza

	12"	15"		12"	15"
<i>Margaríta</i> Pizzasósa, Gouda/mozzarella ostur	1.400	1.790			
<i>Frú Borghildur</i> Pizzasósa, Gouda/mozzarella ostur og pepperoni	1.790	2.290			
<i>Gústa á Uppsölum</i> Pizzasósa, Gouda/mozzarella ostur og skinka	1.790	2.290			
<i>Jóka stóra</i> Pizzasósa, Gouda/mozzarella ostur, skinka, paprika og ananas	1.990	2.590			
<i>Frú Sigrídur</i> Pizzasósa, Gouda/mozzarella ostur, skinka, ananas, sveppir og laukur	2.150	2.790			
<i>Frú Þorbjörg</i> Pizzasósa, Gouda/mozzarella ostur, pepperoni og sveppir	1.890	2.490			
<i>Frú Svane</i> Pizzasósa, Gouda/mozzarella ostur, pepperoni og ananas	1.890	2.490			
<i>Palla ponta</i> Pizzasósa, Gouda/mozzarella ostur, pepperoni, sveppir og gráðostur	1.990	2.590			
<i>Gulla</i> Pizzasósa, Gouda/mozzarella ostur, skinka og ananas	1.890	2.490			
<i>Ósk</i> Pizzasósa, Gouda/mozzarella ostur, skinka og sveppir	1.890	2.490			
<i>Anna í Hollywood</i> Pizzasósa, Gouda/mozzarella ostur, skinka, ananas, paprika, tómatsneiðar og rjómaostur	2.550	2.990			
<i>Jósefína</i> Pizzasósa, Gouda/mozzarella ostur, skinka, pepperone, hakk, sveppir, paprika, laukur og ólífur	2.730	2.990			
<i>Gunna á höfninni</i> Pizzasósa, Gouda/mozzarella ostur, rækjur, túnfiskur, laukur og tómatsneiðar	2.150	2.790			
<i>Halla</i> Pizzasósa, Gouda/mozzarella ostur, gráðostur, cheddar, parmesan, piparostur	2.150	2.790			
<i>Stebba</i> Pizzasósa, Gouda/mozzarella ostur, paprika, tómatsneiðar, laukur, sveppir	2.150	2.790			
<i>Ólína</i> Pizzasósa, Gouda/mozzarella ostur, pepperoni, rauðlaukur, jalapenó, græn paprika, svartur pipar	2.150	2.790			
<i>Frú Rut</i> Pizzasósa, Gouda/mozzarella ostur, pepperoni, sveppir, piparostur	1.990	2.590			
<i>Hvítlauksbraud</i>	1.400	1.660			
<i>Braudstangir</i>	600	900			
<i>Pizza með:</i>	12"	15"	12"	15"	
1. álegg	1.790	2.290	2. álegg	1.890	2.490
3. álegg	1.990	2.590	4. álegg	2.150	2.790
5. álegg	2.550	2.990	6. álegg	2.730	3.420





Mjölþoka í lestinni

Skákmeistarinn gamalkunni Ásgeir Överby er flestum virkari í athugasemdakerfinu á fréttavefnum bb.is. Athugasemdir hans eru yfirleitt snöfurmanna- og skoðanir hans að jafnaði ekki alveg í samhljómi við síðasta ræðumann eða hinar viðteknu skoðanir.

Ásgeir er frásögumaður góður og hefur frá mörgu að segja frá liðnum ævidögum enda verður hann sjötugur núna í lok mars. Kristján Torfi Einarsson heim-sótti Ásgeir á sínum tíma í litla, gamla húsið hans í Hnífsdal og tók við hann rækilegt viðtal fyrir Þæjarins besta. Hér rifjar Ásgeir upp margt frá liðinni tíð sem ekki var pláss til að greina frá í því viðtali.

Fullu nafni heitir hann Ásgeir Guðbjörn Överby í höfuðið á fósturforeldrum móður hans, Ásgeiri Magnússyni frá Svart-hamri í Álftafirði og Guðbjörgu Björnsdóttur úr Hnífsdal. Foreldrar hans voru Alf Överby frá Málöy í Fjörðum (Fjordane) í Noregi og Guðbjörg Líkafrónsdóttir Överby, fædd í Kjós í Grunnavík í Jökulfjörðum.

Ásgeir Överby er elstur fimm systkina. Þekktastur þeirra hér vestra er líklega togaraskiptjör-inn og aflamaðurinn Bernharð Överby, sem er næstelstur. Fæddur er Ásgeir í Reykjavík, suður við Skerjafjörð, en viðvölin þar varð ekki löng. Gefum honum sjálfum orðið.

Seldi Vísi í mið-bæ Reykjavíkur

Fjölskyldan bjó í Sogamýri sjö fyrstu æviárin mín. Við bjuggum

í litlu húsi rétt þar hjá sem Breiðagerðisskóli er í dag. Mér fannst alltaf sól í Sogamýri og grænar engjar svo langt sem augað eygði. Í þessu hverfi ef hverfi skal kalla bjuggu nokkrar fjölskyldur með um tíu börn sem stundum léku sér saman í kílbolta með bolta og prik, önnur leiktæki voru ekki. Ég átti góðan kunningja sem var ári eldri. Við lékum okkur mikið saman, en yfirleitt fór ég ekki langt frá húsinu þótt engar væru girðingar.

Um 1950 var byrjað að byggja svokallað Smábúðahverfi. Mér fannst það leiðinlegt. Túníð var allt bútað niður, mikið af fólki að brambolta þar alla daga.

Faðir minn átti gamlan Ford pallbíl, seldi á honum fisk í Kópavogi og víðar. Finnabogi Rútur Valdimarsson bæjarstjóri í Kópavogi bauð honum lóð á góðum stað en ekkert varð úr því frekar.

Einu sinni fór ég með krökkunum til berja inn við Elliðaár og tindi í eina kakódós. Mamma bjó til kakósúpu um kvöldið og ég var hreykinn af að hafa dregið björg í bú!

Sumarið 1951 þegar ég var sjö ára seldi ég Vísi í miðbæ Reykjavíkur. Það gekk bara vel þótt ég öskraði aldrei Vísisir! Síðar fannst mér lítið til blaðasölu á Ísafirði koma. Þar var bænum skipt í hverfi og sölubörnin gengu í hús jafnframt götusölunni. Auk þess voru þau ráðin gegnum klíku! Það átti reyndar við um alla vinnu barna á Ísafirði. Foreldrarir töluðu við verkstjórana, sem voru ábúðarmikir, og börn lögðu yfirleitt ekki í að tala við þá. Ég hef alla tíð rætt við mína vinnuveitendur sjálfur, ekki fundist það tiltökumál.

Haustið 1951 byrja ég í Laugarnesskóla. Það var langt frá Sogamýri fyrir sjö ára barn, er það jafnvel fyrir fullorðna. Það

ók skólabíll í Sogamýri en ég missti oft af honum og fór þá labbandi. Í blaðasölunni gekk ég stundum frá Lækjartorgi þegar löng bið var eftir strætó, sem gekk á klukkutíma fresti, svo ég var ekki óvanur löngum gönguferðum.

Árin í Noregi

Í nóvember þetta haust flytur fjölskyldan til Noregs. Þar tók við nýr kaflí í lífinu.

Við fluttum til Málöy, bjuggum þar á lítilli eyju nærri aðaleyj- unni Málöy. Eftir nokkra daga fór ég í skólann með föður mínum og við ræddum við skólastjóran. Hann fór með okkur í bekkinn sem ég átti að fara í og ræddi við krakkana, sem stórðu undrandi. Næsta dag var ég mættur, mállaus og allslaus! Fyrstu dagana bjuggum við hjá ömmu, spotta út úr bænum. Að loknum fyrsta skóla- deginum vildu bekkjarfélagar mínir draga mig heim á maga- sleða, sem og varð.

Mér finnst að ég hafi talað norsku allan tímann sem við vorum í Noregi. Eða þá að „mál- lausa“ tímabilið hafi dottið úr minninu.

Það voru viðbrigði að koma í skólann í Málöy úr Laugarnesskólanum. Hann var reyndar byggður 1920, en mér fannst hann eldgamall, nöfn foreldra sumra bekkjarfélaganna voru skorin út í borð og stóla!

Noregur var fátækt land á þessum tíma og kennslutilhögun önnur en á Íslandi. Þar var engin Ríkisútgáfa námsbóka og sumir nemendanna voru með gamlar bækur frá foreldrum eða frændfólki. Leitað var í þessum skruddum fram og til baka að rétta kaflanum. Kennarinn minn hét fröken Bö en var í daglegu tali nefnd Bösa, þó ekki þegar hún heyrði til. Hún var viðstöðulaust

á ferðinni milli borða alla kennslustundina.

Um miðjan janúar 1952 strandaði skip á eyjunni þar sem við bjuggum. Það var um kvöld. Viðstöðulaust flaut heyrðist í langan tíma. Faðir minn og ég förum út að athuga málið, göngum upp á hól rétt hjá og sjáum þá stórt skip strandað. Við vorum fyrstir á vettvang en gátum ekkert gert nema horfa á atganginn. Mikil hróp og köll heyrðust og menn hlupu fram og til baka.

Skipið var hlaðið járngrýti og bar þarna beinin. Jafnvel í dag er sigling í norska skerjagarðinum ekki auðveld, en á þessum tíma voru siglingatæki ófullkomin.

Í Málöy lærði ég fótbolta, byrjaði fyrir aftan mark hjá strákum sem voru að leika sér. Fljótlega fór ég þó inn á völinn. Strákarnir stofnuðu sjálfir félög og kepptu, fullorðnir komu ekki þar nærri. Daginn áður en við fórum frá Noregi komu tveir strákar til mín, sögðu að þeir væru búnir að stofna lið, hvort ég vildi ekki vera með? Ég sagði þeim að við værum að fara á morgun. Þeir sögðust vita það, en vildu samt bjóða mér að vera með því að keppa átti um kvöldið. Ég þáði það.

Í Málöy var „maskadagur“ á gamlárskvöld. Við bræður mínir Bernharð og Óttar dulbjuggum okkur og fórum í bæinn. Allir þekktu okkur, islendingane var kallað. Fyrsta og síðasta skipti sem ég maskaði! Ef við hefðum dreift okkur en ekki gengið í hnapp, þá er ekki víst að við hefðum þekkt, en það verður ekki aftur tekið úr þessu!

Við fluttum til Íslands aftur í ágúst 1954 eftir tæplega þriggja ára dvöl í Noregi og komum með Heklunni. Seinna kom ég aftur til Málöy. Þar hitti ég gamlan bekkjarfélag. Hann sagði mér

að það hefðu allir verið leiðir þegar þeim var sagt að ég væri farinn. Þegar hann heyrði Ísland nefnt, þá minntist hann mín alltaf!

Bakaríð var líka opið á sunnudögum

Fjölskylda mín flytur til Ísa- fjarðar í ágúst 1954, á höfuðdag. Það var til forna talinn dagur breytinga. Hann var það fyrir mína fjölskyldu.

Við bjuggum í Dokkunni til að byrja með. Fyrsta daginn, sem var sunnudagur, var ég sendur í bakarí. Ég var hissa, í Noregi voru engar búðir opnar á sunnu- dögum. Það var ekki langt að fara, í Félagsbakaríð í Silfurgötu. Þar var sérkennileg rennihurð fyrir, sem vafðist fyrir mér að opna, hafði ekki séð svona hurð fyrr. Brauðin voru afgreidd með pappírrenning um miðjuna. Mér fannst það skrytið. Á brauðend- anum var yfirleitt stökk skorpa, sem krakkarnir stálust stundum til að fá sér bita af.

Fljótlega fluttum við út í Krók, að Hnífsdalsvegi 13. Þar bjuggu Guðmundur Guðjónsson frá Þaralátursfirði og Lára Einars- dóttir ásamt börnum. Það var þröngt í lítilli kjallaraíbúð, en mér líkaði þar vel. Um veturinn var rafmagnsskortur í bænum vegna frosta. Rafmagnið var skammtað til skiptis í Efri- og Neðribæ fyrir og eftir hádegi, en var fullt á kvöldin.

Um vorið flytjum við að Hlíð- arvegi 51, keyptum það hús. Það átti fjölskyldan til 2005, að það var rífið.

Á Hlíðarvegi var gott að vera, en mér fundust veturnir snjó- þungir og langt að sækja í bæinn.

Ég öfundaði krakka sem áttu heima steinsnar frá skólanum og gátu fengið sér brauð og mjólk í hverjum frímínútum. En ég var ekki einn um það, þetta var hlut-

Sælkerar vikunnar eru Kaja Maeekalle og Madis Maeekalle á Ísafirði

Byggmjölsbrauð

Það var auðvelt að ná í bygg- mjöl og það var líka ódýrt í gamla daga í Eistlandi. Þess vegna var það mikið notað. Núna notar fólk byggmjöl af því það er talið svo hollt. Það var notað í grauta og einnig borðað með kjöti og grænmeti. Byggbrauð var sett saman úr vatni og byggmjöl, svo var stundum sett ger og kúmen með. Nú til dags er sett ýmis krydd og fræ í deigið og mót- aðir úr þeim allskonar klattar í ýmsum stærðum. Hérna koma

tvær auðveldar og fljótlegar uppskriftir af tveimur brauðum.

Karaskid

½ bolli / 125 dl rúgmjöl
1 ½ bolla / 375 dl byggmjöl
1 egg
2 mtsk olía
2 ml súrmjólk eða AB-mjólk
1 tsk lyftiduft
Kúmenfræ eftir smekk
Hrærið allt saman og mótið litla klatta og bakið við 180 gráður þangað til brauðið er gullbrúnað í ofninu. Borðið með smjörrost.

Byggbrauð

1 ltr. Súrmjólk eða AB-mjólk
500 g byggmjöl
150 g bráðið smjör
1 tsk matarsóði
Hrærið allt saman og svo má breiða úr deiginu á ofnplötu eða setja í bökunarform og baka við 180 gráður, í formi um 40 mínútur en á plötuni eins og sagt er í fyrri uppskrift.

Við skorum á Danielu Yordanova til að birta einhverja áhuga- verða og framandi rétti frá Búlgaríu.



skipti flestra sem áttu langt að fara, að ganga rúntinn í frímínútum. Það átti að heita að hægt væri að hafa með sér mjólk og brauð og borða í frímínútum, en það gerði enginn í raun. Mér leiddist námið í skólanum, en félagsskapurinn vó það upp í staðinn.

Fótbolti og skák

Minni skólagöngu lauk við sextán ára aldur, lærði „ekki neitt“ eftir það! Einn kunningi minn fór í iðnnám, lærði bakstur. Hann vann fyrstu tvö árin sem sendill og við þrif, baksturnámið byrjaði á þriðja ári! En það skiptir ekki máli hvernig réttindin eru fengin, þau dugðu honum vel.

Ég stundaði lítils háttar íþróttir, gekk í Vestra, en þar voru frændur mínir úr Dokkuni fyrir, Gunnar og Þórir Kristjánssynir. Ég var mikið á vellinum við Grund á sumrin, þar var vel mætt, en boltaleysi setti stundum strík í reikninginn. Boltaeigandinn fór stundum í fýlu, tók boltann og hvarf, menn stóðu þá eftir verklausir!

Fljótlega lærði ég að tefla. Aðalkennarinn var Jóhannes Ragnarsson, Jói á Öldunni. Kannski ég hafi eytt of miklum tíma í skákina, en ég hef vonað að það hafi frekar verið mér til góðs en ills. Skákin er sérstök íþrótt, margir eyða í hana miklum tíma án þess að ná á henni viðunandi tökum en hafa samt gaman af. Mér gekk vel til þess að gera, á vestfirska vísu.

Ég gekk í Taflfélag Ísafjarðar ellefu ára, það starfaði í miklum blóma kringum áratug þar í frá, allt þar til sjónvarpið kom. Þá brá svo við að menn höfðu ekki tíma, það átti reyndar við um flesta félagsstarfsemi á þeim tíma.

Háseti á togara þremur dögum eftir fermingu

Fyrsta launaða vinnan mín á Ísafirði var við fiskvinnslu hjá Elí Ingvarssyni. Þá var ég tólf ára. Það var ekki nema vika. Þegar ég fékk útborgað sá ég að orlofið vantaði. Ég kvartaði við Elí, sem var ekki viss hvort það ætti að borga svona strákum orlof. Elí heyrði illa, það var leiðinlegt að eiga við hann, svo ég lét af frekari innheimtu.

Ég fermdist á hvítasunnudag 1958. Miðvikudaginn á eftir fór ég sem háseti á togarann Ísborg. Mikið af Færeyingum var þá að hætta svo það vantaði mannskap. Kvöldið áður fór ég um borð til að skoða vistarverur. Í leiðinni kíkti ég inn í stakkageymsluna, sem ég hefði betur látið ógert. Mér varð flökurt af lyktinni þar, blanda af gúmmí og slori. Ég var sjóveikur að upplagi og á leiðinni heim velti ég vöngum yfir því hvað ég væri eiginlega að fara út í.

Það gekk á ýmsu um borð. Síðasta veiðiferðin sem ég fór



um sumarið var til Nýfundnaland. Þá voru nýfundin þar gjöful karfamið, við vorum með fyrstu skipum á staðinn. Við fylltum skipið á 36 tímum, 270 tonn. Það var erfiðasta vinna mín til þessa. Togaraútgærðinni var farið að hnigna þegar þetta var og ég fór ekki aftur á togara að svo stöddu.

Skiljar dú ekki íslandsk?

Að skólanum loknum 1960 fórum við Oddur Guðmundsson félagi minn í vinnu á Álafossi í Mosfellssveit sem vefarar, sextán ára gamlir en Oddur þó tæplega. Mikill hávaði einkenndi vinnustaðinn, heyrnarhlífar þekktust ekki á þeim tíma. Það var ekki skemmtilegt að sitja yfir vefstól um hásumarið með danskan verkstjóra yfir sér sem var alltaf að skammast. Eitt sinn sem oftast skildi ég ekki hvað hann var að segja, og þá spurði hann: Skiljar dú ekki íslandsk?

Eftir þetta vann ég um tíma hjá Jóni Þórðarsyni á Ísafirði, var meðal annars handlangari hjá Þórði múrara föður hans. Það var ekki full vinna að handlanga fyrir Þórð einan. Þó kom fyrir að hann bað um „stóra hræru“ og þá var eins gott að taka til hendinni! Steypuvinna var erfið, rogast var með 50 kílóa sementspoka alla daga.

Fiskimjölspokar voru sumir 100 kíló á þeim tíma. Ég vann eitt sinn við að skipa þeim út, en sem betur fer bara einu sinni. Tveir tóku poka á milli sín og slöngvudu honum upp í staðu. Pokarnir vildu rifna, yfirleitt var mjölþoka í lestinni, en það kippti sér enginn upp við það!

Jón Fannberg átti nóg af seðlum

Vorið 1962 fer ég að vinna á traktorsgröfu, nýrri Massey Ferguson, sem var fyrsta traktorsgrafan á Ísafirði. Vélina áttu Oddur Pétursson bæjarverkstjóri og Jón Guðjónsson ráðunautur, síðar bóndi og hreppstjóri á Laugabóli við Ísafjörð innst í Djúpi. Mikið var að gera, en mér leiddist vinnan, sennilega af því að hún var allt of mikil, oft frá því snemma morguns til miðnættis, jafnvel allar helgar. Veturinn á eftir vann ég á gröfunni við hitaveituframkvæmdir í Borgartúni í Reykjavík en um vorið á golfvöllinum í Grafarholti. Þangað kom mikið af þekktum og virtum mönnum, en golfið var þá ekki orðið almenningisþrótt. Tæki og tól fengust ekki innanlands.

Haustið 1965 ræð ég mig á togarann Egil Skallagrímsson sem kyndara. Þar var fyrir félagi minn frá Ísafirði, Guðjón Lúðvík Viggósson. Það var þægileg vinna að vera kyndari ef borið var saman við vinnu háseta, en sama kaup. Það var siglt allan veturinn, spennandi að koma í erlendar hafnir. Við sigldum á

England og Þýskaland. Skemmtilegast var að koma til Hull. Við gengum nokkrir saman upp úr skipinu að hliði sem lögregla gætti. Það var gaman að geta loksins notað enskukunnáttuna úr skóla í raun, gert sig skiljanlegan á erlendiri grundu!

Um vorið 1966 ræð ég mig á traktorsgröfu hjá Jóni Fannberg í Ísafjardardjúpi. Jón átti Kúlu-legalasöluna, var talinn ríkur á þeim dögum. Ég mætti hjá honum á skrifstofuna í Reykjavík eftir nokkrar vikur til að fá hjá honum pening. Ég þekkti hann lítið þá, það bara um hóflega upphæð. Hann tók búnt af þúsundköllum og taldi af þeim nokkra á borðið, ég hálfpartinn sá eftir að hafa ekki bedið um meira. Ég vann hjá Jóni fram undir jól þetta ár.

Snemma árs 1967 ræð ég mig á bát hjá Stanley Axelssyni, útgerðarmanni ættuðum frá Ísafirði. Bátinn var hann nýbúinn að kaupa. Við sóttum hann til Akureyrar, sigldum honum þaðan til Ísafjarðar. Siglingin gekk vel þótt um hávetur væri, miður febrúar, við hittum á eina logndaginn í mánuðinum! Því miður varð útgerðin endaslepp, Stanley fór suður strax eftir komuna til Ísafjarðar, ég sá hann ekki eftir það.

Sjómennskan hefst fyrir alvöru

Ég ræð mig eftir þetta á Skutli, bát í eigu Arnórs og Harðar Jóns Valdimarssonar. Árni Jónsson Grímssonar var formaður. Við vorum á rækju í Djúpinu. Árni var með mikið af gömlum blöðum um borð frá foreldrum sínum svo það var nóg að lesa, hvort sem það var íslenska eða danska. Því miður varð þetta úthald skemmta en til stóð vegna skyndlegs fráfalls Harðar, annars eigandans. Upp úr þessu fer sjómennska mín að byrja fyrir alvöru, en í raun hafði ég ekki áhuga á sjómennsku, fann alltaf til sjóveiki. En það var auðvelt að fá skipsrúm á þessum tíma, svo það teygðist úr árunum á sjó.

Eftir úthaldið á Skutli ræð ég mig á Jódísi til Antons Ólasonar og Salómóns Sigurðssonar, Lúlla. Við Anton rerum á rækju til vors, í byrjun máí var farið á línu, í steinbít. Við öfluðum vel í fyrstu legunni eða tíu og hálf tonn. Það gerði brælu á heimleiðinni, ég svaf frammí og var eiginlega í sturtu alla leiðina því að það lak með þéttingum. Um sumarið var farið á handfæri, reytingsafli.

Um haustið ræð ég mig á Straumnes, skipstjóri var Sigurhjórtur Jónsson. Þar var ég til vors 1968. Þetta var erfiður vetur, ísing og vösbúð. Um haustið ræð ég mig á Guðnýju ÍS 266, skipstjóri var Ásgeir Sölvason frá Öndarfirði. Þar bar ekki til tíðinda nema í fyrsta röðri ársins 1969, en þá var haldið vestur í Víkurál. Fljótlega eftir að búíð

var að leggja versnaði veðrið og ísing hlóðst á skipið. Ísingin jókst á heimleiðinni. Ásgeir skipstjóri var sjálfur við stýrið í land, en yfirleitt var það stýrimaður, sem var Guðbjörn bróðir Ásgeirs. Ásgeir hafði mikla reynslu sem skipstjóri, en það höfðu ekki allir skipstjórar á þessum tíma, því miður. Við héldum til Þingeyrar og börðum þar ísinn af, það var talsverð vinna, og síðan var haldið til Ísafjarðar.

Vorið 1970 ræð ég mig sem kokk á Sólrúnu frá Bolungarvík undir stjórn Einars Hálfðássonar. Veidd var grálúða á línu og fiskaðist vel um sumarið. Í síðustu veiðiferðinni tók Einar skipstjóri frí en faðir hans Hálfðán Einarsson tók við stjórn. Haldið var á venjulegar línuveiðar við Vestfirði og áfram fiskaðist vel. Tilhögun veiðanna breyttist talsvert frá því sem áður var. Ekki voru allir hrifnir af þeirri breytingu, en Hálfðán var þekktur fyrir að nýta tímann vel, sem hann og gerði. Lauk sjómennsku minni í Bolungarvík þá um haustið.

Flúttaði stúlkuna út

Þá ræð ég mig á Kofra ÍS 41 undir stjórn Jóhanns Símonarsonar. Í fyrstu veiðiferðinni bar það helst til tíðinda, að toghlerarnir kræktust saman við hlera ensks togara. Hann dró okkur á fullri ferð afturábak góða stund og sjór fossaði inn í gangana. Vel aflaðist yfir veturinn en á lokadaginn 1971 lauk vist minni þar.

Matsveinni var Þórður Sigurðsson, kallaður fiskimaður, en áður var hann formaður á bátum. Við sigldum einu sinni til Englands, til Grimsby, en Þórður hafði lofað að kaupa handa dóttur sinni kuldaúlpu. Hann hafði af þessu miklar áhyggjur, það var farið að halda fyrir honum vöku. Þegar við komum til Grimsby fórum við Þórður upp í bæ að versla og fórum í fatabúð að leita að úlpunni. Ung og nett stúlka afgreiddi okkur. Ég spurði hana um úlpur og hún vísaði okkur á rekkann. Ég spurði Þórð hvort dóttir hans væri lík stúlkunni að stærð. Þórður lítur á hana um stund, flúttar hana út og segir: Þetta er akkúrat stærðin! Síðan mátar stúlkun úlpuna, Þórður verður himinlifandi og kaupir síðan. Þegar við erum komnir út segir Þórður: Ég trú þessu varla, eins og ég var búinn að hafa af þessu áhyggjur. Þegar heim var komið passaði úlpun vel og dóttirin var ánægð.

Árið 1974 var ég aftur á Guðnýju, þá með Jóni Guðna Péturssyni, sem hafði nýlega tekið við stjórn. Við lentum í slæmu veðri út af Kögri, fengum á okkur mikið brot, sjórinn fossaði upp að brúarglugga, járnstiga sem lá frá brúnið á dekk tók út. Skömmu áður var búíð að smíða nýja lest-

arlúgu en áður voru tréhlemmar yfir lestinni. Hætt er við að þeir hefðu gefið sig þarna, en um það verður ekkert sagt héðan af.

Kjörstill alltaf fullur

Ekki varð hjá því komist að kynnast ýmsum manngerðum í langri búsetu á Ísafirði. Einn af mörgum var Magnfred Jónsson, sem hafði sínar skoðanir á stjórnmálum, var harður kommúnisti. Eitt sinn geng ég með honum út á Eyrarhlíð, sem hann gerði löngum eftir að hann fór á eftirlaun. Ég segi við hann til að fitja upp á einhverju: Stalín heitinn stóð vel í Hitler!

Já, það gerði hann, maðurinn, svaraði Magnfred himinlifandi, Bretarnir gátu ekki neitt! Hvernig áttu þeir að geta eitthvað með hann Kjörstill alltaf fullan [Winston Churchill, forsætisráðherra Breta], maðurinn sem átti að stjórna? Bretarnir voru eiginlega ekki í neinu stríði, það var ekki ráðist inn í þeirra land. Rússarnir misstu tuttugu milljónir.

Uppreisnin í Ungverjalandi 1956 var Magnfred erfið eins og kommúnistum almennt. Stundum stóðu strákar á skurðbakknum, hann vann lengstum í bæjarvinnunni, og deildu við hann og formæltu Rússum. Magnfred fann alltaf sitthvað á móti, eitt-hvað gruggugt hjá Bretum eða Bandaríkjamönnum, það stóð aldrei á svári.

Ekkert var nautið á Aðalbóli

Eftir að ég hætti til sjós hef ég starfað á sveitabæjum víðs vegar um land. Á Hrafnseyri var ég tvö ár, var þar einn yfir veturna með um 200 fjár. Ég held að ég hafi farið að líta aðeins öðruvísi á lífið í þessari dvöl, ég lét köngulern sem gengu um gölf í friði, horfði bara á þær í rólegheitum. Á Hrafnseyri var gott að vera, ég hafði góða íbúð og allt til alls. Það kom fyrir að rafmagnið fór, þá spilaði ég á harmóníku við kertaljós.

Hjá Sigurjóni Jónassyni á Aðalbóli í Lokinhamradal var ég eitt vor yfir sauðburð. Það var skemmtileg tilbreyting að ferðast hálfá öld aftur í tímann, en á Aðalbóli var ekki rafmagn, ekki venjulegt sveitaheimili eins og þau gerast í dag. Kindur Sigurjóns voru ekki bara venjulegar kindur heldur hafði hver og ein sín sérkenni eins og venjulegir menn. Sigurjón og kindurnar voru eins og risastór fjölskylda þar sem hver hafði sínar sérstöku þarfir.

Eina kú hafði Sigurjón. Hún mjólkaði viðstöðulaust árum saman án þess að eignast kálf því að ekkert var nautið.

Það er fallett í Lokinhamradal í góðu veðri, en þangað er því miður ekki greiðfært.

— hpm.

Auglýsingasíminn er 456 4560



UPPSTOPPUN



KRISTJÁN FRÁ GILHAGA
SÍMI 892-8154

Drekagili 9 • 603 Akureyri
kr.st@simnet.is





Fámennt en góðmennt á þorrablóti í Hnífsdal

Um níutíu manns sóttu þorrablót Grunnvíkinga sem haldið var í félagsheimilinu í Hnífsdal á laugardag. „Blótið heppnaðist mjög vel þótt það hafi ekki verið eins margir og síðustu ár. En gestirnir

skemmtu sér glimrandi vel, ballið stóð alveg til hálf þrjú,“ segir Rebekka Pálsdóttir sem var í skemmtinefnd blótsins. Líkt og venjulega gæddi fólk gæddi sér á dýrindis þorramat sem

það kom með að heiman og var góð stemning í húsinu. Að dagskrá tæmdri léku Stefán Jónsson og Guðmundur Hjaltason fyrir dansi fram á nótt við góðar undirtektir viðstaddra.





Sportið í beinni...

Laugardagur 15. febrúar

kl. 12:45 Sunderl. - South.pton
 kl. 15:00 Cardiff - Wigan
 kl. 17:10 Man. City - Chelsea
 kl. 18:00 Northern Trust Open
 kl. 19:00 Barcelona - Rayo V

Sunnudagur 16. febrúar

kl. 13:30 Everton - Swansea
 kl. 15:30 QPR - Reading
 kl. 16:00 Arsenal - Liverpool
 kl. 18:00 Northern Trust Open
 kl. 20:00 Getafe - Real M.

Mánudagur 17. febrúar

kl. 19:45 Brighton - Hull

Þriðjudagur 18. febrúar

kl. 19:45 Man. City - Barcelona
 kl. 19:45 Bayern L - PSG

Miðvikudagur 19. febrúar

kl. 19:45 Arsenal - Bayern M
 kl. 19:45 Milan - Athl. Madrid

Dagar Íslands

13. febrúar 1983: Loftsteinn féll í sjóinn austur af landinu á níunda tímanum um kvöldið. Birta víði um austanvert landið þegar steinninn þaut með miklum hraða um himinhvolfið.

14. febrúar 1959: Togarinn Þorkell máni kom úr svaðillför af Nýfundnalandsmiðum en þar höfðu skipverjar þurft að standa við íshögg hvíldarlaust í þrjá sólarhringa.

15. febrúar 1992: Ásdís, fyrsta Fokker 50 flugvél Flugfélags Íslands kom til landsins og lenti á Akureyrarflugvelli.

16. febrúar 1981: Engihjalla-veðrið. Eitt mesta ofveðri í manna minnum hófst um kvöldið og stóð fram á næsta dag. Mikil tjón varð á húsum bifreiðum og fleiru m.a. við Engihjalla í Kópavogi.

17. febrúar 1984: Vopnað rán var framið í Austurbæjar-útibúi Landsbankans í Reykjavík. 1,8 milljónum króna var stolið. Ræninginn náðist.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

Minnkandi NA-átt með éljum norðan- og austan til, en úrkomulítið SV-til. Kólnandi.

Horfur á laugardag:

Norðan gola og síðan kaldi, él norðan- og austanlands. Lengst af léftskýjað um landið sunnan- og vestanlands.

Horfur á sunnudag:

Norðan gola og síðan kaldi, él norðan- og austanlands. Lengst af léftskýjað um landið sunnan- og vestanlands. Frost víða 1-10 stig.

Krossgátan

	Blekk- ingar	↓	Átt	↙	Hafátt	Brúsi	↘	Rófu	↘
	Vetni				Trekk	Fugl		Fljóta Ekra	
	Eitraður								
Sam- hljóði			Skemmir						
			Umbun						
Jón Steingr.	↓	Eins um B	Blæja			Planta			
Stafur			Undir- staða			Goð			
Rang- færsla				Sifur					Fata- ræflar
Eins				Beni	↓	Heiður			Sveigur
↘								Sýl	✓
								Hörgul Menn	
Duftið					Vis- dómur				
					Ánægju				
Átt		Kvað							
Stika		Skafa Kona			Gaffall				
					Rimma				
↘								Amboð	
								Næst T	
Lengd Nagli	↘								Tónn
Galdur									Slúðrið
Stafur									
↘				Sam- tenging					
				Lagi					
↘									
				Fugls- hljóð				Einnig (lat.)	Eins um S
				Stopp				Hím	
Skessa	↘								
Ljóma		Afkvæmi							Rykkorn
↘									
						Klára			
						Eink. st. skípa			
Ónæði									
Hermt						Kerlingin			
						Vetni			
↘									
					Yfir- höfnin				

BÍLAVERIÐ ehf

Hjólbarðapjónusta
Smurpjónusta

Smáviðgerðir

Sindragötu 14 • 400 Ísafirði
Sími 456 3501 • www.bilaverid.is



Gámabjónusta
Vestfjarða ehf

BROTJÁRN

Þarftu að losna við brotajárn?
Tökum á móti brotajárni
og útvegum gáma undir það.

Sími: 456 3710
gamarvest.is

Lausn á síðustu krossgátu

Jón Steingr.			G	E		G		B	
	⇒		Þ	A	Ð	⇒	E	R	U
			U	L	L	U	R		G
	↓	D		R	E	I	M		S
G		L	I	T	R	I		B	A
		E	L	S	K	Ð		U	N
Ó	S	K		V	A	G	N	G	U
	↓	A	S	Í		R	E	I	T
E		D	R	Ú	⇒	R	I	T	S
		A		G	F		K		T
A	G	G		R	O	K	K		K
		B	A	R	Á	T	T	A	N
		L	L	Ó	↓	A	R	M	Æ
		A	D	A	M		U	P	P
Ó	Ð	A		A	G	N		U	R
		I		Á	R	Á	T	T	A
A	Ð	K	A	S	T	A	U	Ð	U



Bæring níræður

Sunnudaginn 16. febrúar nk. verður bakameistarinn og fyrrum kokkurinn á Guðbjörgu ÍS, Bæring Gunnar Jónsson frá Sæbóli í Aðalvík, 90 ára.

Af því tilefni þætti honum vænt um ef ættingjar, gamlir sveitungar, skipsfélagar og aðrir vinir og samferðamenn, sæju sér fært að samgledjast honum á þessum tímamótum, laugardaginn 15. febrúar milli kl. 15 og 17 í sal Oddfellow á Ísafirði.

Allar gjafir eru afþakkaðar, en frjáls framlög til hans gömlu sóknarkirkju að Stað í Aðalvík myndu gledja afmælisbarnið mikið.

Ók undir áhrifum amfetamíns

Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið ákærður fyrir umferðalagabrot með því að hafa ekið bíl sunnudaginn 20. október 2013, eftir Skutulsfjarðarbraut á Ísafirði, ófær um að stjórna honum, örugglega vegna neyslu ávana- og fíkniefna.

Lögregla stöðvaði akstur mannsins á bílastæði við Skeiði, Ísafirði. Bæði amfetamín og tetrahydrokannabínól (kannabis) mældust í blóði og þvagsýni mannsins. Þess er krafist að maðurinn verði dæmdur til refsingar, hann sviptur ökuréttindum og til greiðslu alls sakakostnaðar.

Ákærður fyrir að sigla réttindalaus

Karlmaður á sextugsaldri hefur verið ákærður fyrir að hafa siglt skipi um Skutulsfjörð sunnudaginn 12. júlí 2012 undir áhrifum áfengis, án þess að hafa gild réttindi til skipstjórnar auk þess sem skipið var ekki með haffærnis-skírteini.

Með því hafi hann brotið á áhafnalögum, áfengislögum, siglingalögum og lögum um eftirlit með skipum. Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, sviptur rétti til skipstjórnar og greiðslu alls sakakostnaðar.

Sudoku þrautir

			9				4	
			2	3	8			1
			5			3		2
	8	3						4
7		6		1		8		9
2						7	3	
6		4			5			
5			8	9	7			
	1				3			

3			2	8			6	
5				7		4	3	
		7						1
	3	1			9	7		
			1		8			
		6	3			1	8	
7						3		
	2	3		1				8
	6			3	2			5

Þjónustuauglýsingar

JAKOB VALGEIR EHF
 Grundarstíg 5
 415 Bolungarvík
 450 7700

H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf
 Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is

66°N Sjóvinnufatnaður
 Stígvél og vettlingar
 Þjónusta í heimabyggð 1983-2013

Öll almenn húsmíði

GÖX HÚSAMÍÐI EHF

Bolungarvík
 456 7080 • 893 9362 • 690 1060

Umboðsaðili fyrir
GLERBORG

Fréttir og upplýsingar um réttindi og kjör á vinnumarkaði
www.verkvest.is

VERK VEST

ENDURSKOÐUN VESTFJARÐA ehf

Sími í Bolungarvík 450 7900
 Sími á Ísafirði 450-7910

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

Bílasala 456 3800
Bílaverkstæði 456 4580

BÍLATANGI HF. ÍSAFIRÐI

Suðurgötu 9

Kampi EHF

Rækjuvinnsla:
 Sindragötu 1 • 400 Ísafjörður • Sími: 450 4000

Fiskvinnsla:
 Hafnargötu 90 • 415 Bolungarvík • Sími 450 7507 / 863 2600

HG HRAÐFRYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.
 - sjálfbær niðring sjávarauðlunda

MIKLU MEIRA GAGNAMAGN

VIÐ HÖFUM AUKIÐ INNIFALIÐ ERLENT GAGNAMAGN
UM ALLT AÐ 400%

INTERNET 10 GB — ER NÚ — 50 GB	INTERNET 50 GB — ER NÚ — 100 GB	INTERNET 100 GB — ER NÚ — 150 GB	INTERNET 150 GB — ER NÚ — 250 GB	INTERNET 250 GB — ER NÚ — 500 GB
--	---	--	--	--

VERÐ HÆKKAR EKKI

OG ÁSKRIFTARLEIÐIN UPPFÆRÐIST SJÁLFKRAFA 1. FEBRÚAR

Nánar á vodafone.is



Vodafone
Góð samskipti bæta lífið